

Minnispunktur skipulagssviðs frá íbúafundi hverfisnefndar Brekku og Innbæjar

Fundur í Pakkhúsinu miðvikudaginn 15. nóvember 2017 vegna umferðarmála í Aðalstræti, boðað af hverfisnefnd Brekku og Innbæjar

Ábendingar sem komu fram á fundinum

- Íbúi í Lækjargötu, vont en það venst að hafa einstefnuna
- Íbúi, vont að hafa einstefnuna
- Ef þetta á að vera svona þá á að leggja bílum öðru megin Aðalstrætis. Of þröngt að leggja beggja megin. Bílum lagt á horninu við Lækjargötu og erfitt að ná beygjunni úr henni
- Það eru eigendur húsanna en ekki viðskiptamenn verslunarinnar sem leggja sunnan Lækjargötu
- Fólk sem þarna býr þarf bílastæði
- Íbúi í A10, umferðin er líklega hraðari en áður þar sem engir bílar koma á móti. Frá Lækjargötu og suður. Á hverfið að vera fyrir fólk eða bíla. Á hverfið að vera fyrir börn. Hröð umferð í íbúðagötu getur fælt fjölskyldufólk frá. Verið er að nota Lækjargötu sem tengibraut. Einstefna efst eða loka Lækjargötunni.
- Íbúi í Lækjargötu, óþægindi með einstefnuna, er á móti einstefnunni. Ísbúðin þjónar ekki íbúum. Sömu bílarnir freta kvöld eftir kvöld. Sjálfsagt að fólk fái að keyra stystu leið heldur en að fara suður á mjög vond gatnamót.
- Hallgrímur er með spurningu til skipulags. Tunga við Aðalstræti við Gamla-Spítala þarf að taka þessa tungu og þá geta íbúar sem gerðu athugasemdir vegna Aðalstrætis 12b fengið sín bílastæði.
- Einstefnan eykur umferðina framhjá leikvellingum sem er hættulegt fyrir börnin.
- Íbúi í Hafnarstræti (beint á móti þar sem Aðalstræti kemur inn á götuna) finnur engan mun vegna einstefnunnar.
- Inga Lísu, íbúi í Aðalstræti 2, öll umferð fer fram hjá henni. Ástæðan fyrir því að börn sjást ekki er af því foreldrar þora ekki að leyfa þeim að fara ein út. Umferðin er útreiknanlegri, bílstjórar koma fyrr auga á gangandi. Hugmynd Ingu Lísu, gera þrengingu þannig að einn bíll komist í einu við stíginn við Spítalastíg. Reyna að hægja á ísumferðinni og gera götuna ekki að fýsilegum kosti fyrir gegnumakstur. Einstefna til norðurs (eða er betra að hafa hana til suðurs) á suðurhlutanum. Tvístefna á norðurhlutanum með þrengingu.
- Þrengingar eða alvöru hraðahindranir vantar í Lækjargötu til að fólk sé síður að nota götuna sem tengibraut milli hverfa.
- Strætó keyrir uppá gangstétt í Aðalstræti ef bílar koma á móti
- Hallgrímur: setja tvær hraðahindranir á suðurhlutann og taka tunguna út.
- Þeir sem koma upp á Brekku frá Leirunni velja Lækjargötuna en ekki Miðhúsabraut. Eftir að Naustahverfi kom er farið að nota götuna sem tengibraut
- Loka Lækjargötunni og búa til útivistarsvæði ofan til. Eða gera einstefnu efst og tvístefnu neðsta hlutann í Lækjargötu.
- Margir vilja sjá eitthvað dýratengt í Lækjargilinu.
- Fundir sem voru haldnir, menning 2008, þá komu fram hugmyndir um að hafa eitthvað dýratengt í Lækjargilinu t.d. fyrir börn og skólustarf.

- Ryk vegna Lækjargötunnar er mikið vegna þess að hún er ekki malbikuð.
- Ef Lækjargatan verður malbikuð þá eykur það umferðina.
- Menn eru að festa bíla niður Spítalavegin þannig að það væri enn verra upp Lækjargilið.
- Framkvæmdir og lokanir í Listagilinu hefur mjög mikil áhrif á umferð í Lækjargilinu.
- Verður að vera tengibraut úr Miðhúsabrutinni og niður í bæ.
- Útlendingar fara Lækjargötuna þar sem hún er í gps tækjum, eru á leið t.d. í Sæluhúsin.
- Umferð og gangandi er saman í Lækjargötu. Hraðahindrunin í götunni gerir ekkert.
- Einstefna niður Lækjargilið og Spítalavegin líka niður. Þá er búið að loka á gegnumakstur gegnum hverfið. Fólk verður þá að nota Miðhúsabrutina.
- Gísli: Skoða stystu leiðir upp á Brekku. Styst er að fara upp Listagilið og niður Spítalavegin
- Hallgrímur: Notar Lækjargilið því það er stysta leið fyrir hann heim til sín.
- Mjög mikil rútuumferð. Banna ákveðinn öxulþunga um Aðalstrætið.
- Vantar skilti um öxulþunga bara í aðra leið í Lækjargötu, skoða.
- Rútur þyrftu að fara suður að skautahöllinni og inn Aðalstrætið þar og að Minjasafninu en ekki lengra.
- Skilti sem bendir á Lystigarðinn við hornið á Lækjargötu. Túristar eru alltaf að fara vitlausa leið og fara upp Lækjargötu en ekki upp Spítalaveg.
- Sæluhús, brekkan neðan við Sæluhúsin eru í algjörru órækt.
- Gamla apótekið, verður gistiheimili. Deiliskipulagi var breytt. Það var áður en lögin voru sett síðastliðin áramót.
- Engar varnir efst í gílinu, bíll fór fram af í fyrra.
- Húsgrunnur er í Lækjargötu 13 sem óprýði er af.
- Hvar á að hafa bílana ef það á að það á að byggja á öllum lóðum? Skoða í deiliskipulagsbreytingunni sem er að fara af stað.
- Grisja þarf brekkuna ofan við Innbæinn, tréin kaffæra og skyggja á sól.
- Íbúar þurfa að hafa eitthvað að segja um þegar rótgróin gistiheimili fá endurnýjuð leyfi.
- Leysa umferðarmálin með því að loka Brynju
- Fáir íbúar í Lækjargötunni á fundinum, ekki gott að ákveða um einstefnu nema þeir séu með í ráðum.
- Bærinn þarf að koma með tillögur að úrlausnum til að leysa mikla umferð í Lækjargötu, minnka gegnumakstur. Verið er að nota götuna sem tengibraut að sjúkrahúsinu og VMA.
- Hraðahindrun vantar í Aðalstræti sunnan Hafnarstrætis. Bílar keyra upp á gangstéttir. Vantar polla eða blómaker til að stoppa bílana.
- Koma þarf í veg fyrir að bílar fari upp á gangstéttir þegar verið er að mætast. Leysist við einstefnu. Skilti, forgangur til norðurs skilar ekki árangri. Hafnarstræti suður að Duggufjöru.

Setja á blað og kjósa um útfærslu.

- Þungatakmarkanir í allar innkeyrslur í hverfið. Rútur í burtu en í lagi með vinnubíla og strætó og þá sem þjónusta hverfið.
- Einstefna í suður frá Lækjargötu, tvístefna að norðan en með þrengingu við Aðalstræti 2 (gönguleiðina). Ath. ekki má vera gegnumakstur á bílastæði norðan Brynju. Þrenging eða hraðahindrun er útfærsluatriði.
- Lækjargata, draga úr umferð og hraðakstri